

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Skólanefndarfundur FSN

36. fundur

Þriðjudaginn 22. janúar 2008 kl.16:30.

Mættir: Guðbjörg, Kjartan Páll (formaður), Ólína, Sigríður, Gísli, Björg, Hreinn sem ritar fundargerð

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun fyrir 2008
2. Upphaf vorannar – nemendatölur og fl.
3. Greinargerð til menntamálaráðuneytis – áætlun um úrbætur
4. Önnur mál

Kjartan setur fund og þakkar glaðning frá skólanum sendan um jól. Gefur svo Guðbjörgu orðið um fyrsta lið; fjárhagsáætlun 2008.

1. liður

GA dreifir yfirlitsblaði og skýrir það. Svólítt halli er fyrirsjáanlegur fyrir árið 2007, en vandinn þó sá að ekki eru öll kurl til grafar komin, vegna skekkju í bókhaldi, sem lagfæra þarf. Þröngt verður því í búi þetta árið. Reiknað er með 2 starfsmönnum við starfsdeild næsta ár.

2. liður

GA lætur samantekt ganga og fjallar um hana. Aukinn fjöldi nem. sækir vorönn m.v. fyrri vorönn (211 - 240), sem helgast af fjölgun í dreifnámi eldri nemenda. Ekki er búist við sérstakri fjölgun nemenda milli haustanna í haust. Þó er stór árgangur að koma frá Vesturbyggð, en útlit fyrir að einhverjir þeirra leiti annað en í FSN, v. félagslífisfátæktar heimavið. Ræddur vandi sem steðjar að rekstri á skólabílum og hefur verið viðvarandi. Opinn dagur er fyrirhugaður á vorönn, sem svar við samræðufundum við samfélagið í desember. Nokkrar skemmtilegar hugmyndir um samfélagsverkefni eru að mótast í skólanum, t.d. um samvinnu við leikskólana, hótelin og sögu Jeratúnsins.

3. liður

GA dreifir Áætlun um úrbætur og fer yfir hana. Nefndin veltir fyrir sér leiðum að því að bregðast við athugasemdum úttektaaðila m.m.ráðuneytisins og standa undir því leiðtogahlutverki, sem skólinn er stofnaður til og til eflingar því tímafreka þróunarstarfi sem fram fer í skólanum. Skólasamningsfundur er framundan í feb. þar sem þessi málefni verða væntanlega tekin inn. GA kom fram með hugmynd um hollvinasamtök til þess að styðja við og styrkja starf skólans. Sammæli var um að taka saman efnið úr samræðufundunum til mótunar skólastefnu, sem fyrst.

4. liður

Önnur mál:

- Erindi liggur fyrir frá Sigurborgu Hannesdóttur; bón um aðstöðu fyrir jóganámskeið í sölum FSN. Samþykkt að verða við þessu.
- Gísli gerir fyrirspurn um samstarfið við tónlistarskólann. GA upplýsir að nú sé hafinn kennsla á áfanganum TÓS, sem er tónsmiðja, með 17 nemendum.
- Næsti fundur skólanefndar verður ákveðinn og boðaður að afloknum fundi um skólasamninginn í ráðuneytinu, væntanlega síðla í febrúar.

Fundi slitið.